

MINNISBLAÐ

DAGS.

02.09.2025

SENDANDI

Orkusalan
EFLA verkfræðistofa

MÁLEFNI

Gilsárvirkjun: Svör við umsögnum um umhverfismatsskýrslu

DREIFING

Skipulagsstofnun

Inngangur

Orkusalan sendi Skipulagsstofnun umhverfismatsskýrslu vegna Gilsárvirkjunar í Eiðapínghá í Múlaþingi í júní 2025. Skipulagsstofnun sendi greinargerðina áfram til umsagnaraðila og auglýsti opinberlega og var frestur til að skila umsögnum til 25. júlí 2025.

Eftirtaldir aðilar sendu inn umsögn:

- Múlaþing
- Hafrannsóknarstofnun
- Fiskistofa
- Vegagerðin
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Land og skógur
- Helgi Ómar Bragason
- Veiðifélag Selfjós
- Náttúruverndarstofnun

Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að bregðast við umsögnum Veðurstofu Íslands, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Lands og skógar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Hér á eftir eru viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim umsögnum sem kölluðu á viðbrögð.

Svör framkvæmdaraðila við innsendum umsögnum

UMSÖGN UMHVERFIS- OG ORKUSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<i>Jafnframt vill stofnunin benda á að hvergi kemur fram í umhverfismatsskýrslunni hver umhverfismarkmið vatnshlotanna eru sem framkvæmdin hefur áhrif á en þau markmið eru lagalega bindandi og ættu að koma fram í skýrslunni.</i>	Umhverfismarkmið er það sama og núverandi ástand, mjög gott fyrir vistfræðilegt ástand og gott fyrir efnafræðilegt ástand. Er þetta hæsta ástandseinkunn flokkanna.
<i>„Umhverfis- og orkustofnun bendir á að það að setja upp vatnsaflsvirkjun breytir vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hefur áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti vatnshlotsins. Því er mikilvægt að það liggi fyrir hverjar breytingarnar verði áður en framkvæmdaraðili hyggst óska eftir heimild til breytingar vatnshlots skv. 18 gr. laga um stjórn vatnamála, slíkt verður ekki gert með vöktun eftir að virkjun hefur verið reist.“</i>	Í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um áhrif á þessa gæðabætti. Í leyfisveitingarferlinu verður óskað eftir fundi með Umhverfis- og orkustofnun þar sem farið verður yfir hvaða gögn þurfa að fylgja með leyfisumsókninni.
<i>„Ef að ljóst er samkvæmt áhrifamati (þar sem allir gæðabættir hafa verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá) að umhverfismarkmið vatnshlots næst ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þarf að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Setja þarf fram mótvægisáðgerðir sem miða að því að upphefja ástand vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum og þurfa þær mótvægisáðgerðir að tryggja að vatnshlotið sem breytingin nær til nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og fyrir mikið breytt vatnshlot góðu vistmegni.“</i>	Orkusalan þakkar þessa ábendingu, þetta verður haft til hliðsjónar í leyfisveitingarferlinu.
<i>„Í umhverfismatsskýrslu er ekki að finna umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag. Umfjöllun um loftslag þarf að miða að því að gera grein fyrir þeirri losun sem stafar af framkvæmdinni en til losunar frá framkvæmd telst bæði bein og óbein losun frá framkvæmdinni. Við byggingu vatnsaflsvirkjana losna gróðurhúsalofttegundir þar sem jarðvegsrask veldur losun kolefnis út í andrúmsloftið og einnig er komið í veg fyrir framtíðar kolefnisbindingu. Færa má rök fyrir því að fyrirhuguð virkjun komi til með að stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis og stuðla þannig að orkuskiptum í landshlutanum en Umhverfis- og orkustofnun telur að í umhverfismatsskýrslu hefði átt að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdar á loftslag og mótvægisáðgerðum til að lágmarka neikvæð áhrif af framkvæmdinni“</i>	Á líftíma framkvæmdarinnar stuðlar framkvæmdin ekki að aukinni losun á gróðurhúsalofttegundum heldur þvert á móti stuðlar hún að samdrætti í losun, líkt og kemur fram í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. Landrask er mjög lítið, varanlegt rask á gróðri er innan við 10 ha. Kolefnislosun er engu meiri en við almennar framkvæmdir, hvort sem það er íbúðabygging, atvinnuhúsnæði, hótél og ferðaþjónusta, samgöngumannvirki eða önnur mannvirki. Ekki hefur verið talið tilefni hingað til að fjalla um áhrif á loftslag við framkvæmdir af þessari stærðargráðu. Ekki er til neitt sem heitir staðbundin áhrif kolefnislosunar á loftslag, líkt og sérfræðingur Umhverfisstofnunar sagði: - „Andrúmsloftinu er alveg sama um hvort einhver sameind koltvíoxíðs losni á Ítalíu eða á Íslandi“ https://heimildin.is/grein/22804/andrumsloftinu-sama-hvort-koltvioxid-losni-a-italiu-eda-islandi/ Í þessari framkvæmd er verið að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og var fjallað um þá umhverfisþætti sem var talið líklegt að framkvæmdin hefði marktæk áhrif á. Óhætt er að fullyrða að framkvæmdir við Gilsárvirkjun hafi óveruleg áhrif á loftslag alls heimsins. Líklega verða þó einhver jákvæð áhrif á loftslagsbókhalð Íslands.

UMSÖGN MÚLAÞINGS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
<i>Heimastjórn Fljótisdalshéraðs hvetur þó framkvæmdaraðila til þess að láta vinna hættumat vegna mögulegs stíflurofs með áherslu á takmarkanir á landnýtingu og búsetu neðan lónsstæðis.</i>	Hluti af virkjunarleyfisferli er flóðagreining og hættumat sem verður yfirfarið af Umhverfis- og orkustofnun. Lón Gilsárvirkjunar er þó það lítið, og líklegast er að stíflurof yrði í hamfaraflóði, að ef svo færi er ólíklegt að fólk yrði þess vart 6 km neðar í farveginum þegar komið er niður í byggð. Stíflan hverfur heldur ekki við rof, heldur kemur skarð í stífluna og myndi það taka einhvern tíma fyrir lónið að tæmast í gegnum það skarð. Áhrif flóðahættu vegna stíflurofs á landnýtingu og búsetu neðan lóns eru metin óveruleg. Þess má geta að eitt stíflurof hefur orðið á Íslandi á síðustu áratugum og var það í Djúpadalsvirkjun árið 2006, en þá gaf sig jarðvegur til hliðar við stífluna áður en hún var fullkláruð. Lónið var þó komið í fulla stærð, um 40 ha, sem er stærðargráðu stærra en lón Gilsárvirkjunar (1,6 ha). Flóðið sem fylgdi í kjölfarið var töluvert og skemmdi eina brú en fór aldrei út fyrir farveginn.

UMSÖGN VEGAGERÐARINNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Eins og fram hefur komið í fyrri samskiptum er brú yfir Gilsá á Gilsárteigsvegi ekki í því ástandi að unnt sé að fara með þungaflutninga um hana enda hefur Vegagerðin vísað á Brennistaðaveg.“	Það eru tvær brýr á Brennistaðavegi, þar af ein lítil og gömul á Unulæk. Vegurinn er auk þess töluvert lengri, í verra standi og fær ekki vetrarþjónustu. Ekki er raunhæft að styðjast við Brennistaðaveg.
„Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda óskar Vegagerðin eftir að framkvæmdaraðili leggi fram áætlanir um umferð á framkvæmdasvæðinu á bæði framkvæmda- og rekstartíma. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um: - Heildarfjöldi ferða á dag/viku/mánuði. - Hlutfall og umfang þungaumferðar (t.d. vörubílar, vinnuvélar o.þ.h.). - Tímasetningar helstu álagstíma. - Áhrif á nærliggjandi vegakerfi og umferðaröryggi. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að meta áhrif framkvæmdanna á vegakerfi á svæðinu.	Sent var erindi á Vegagerðina í júní 2025 sem ekki hefur enn verið svarað. Áfram verður unnið að lausn í samráði við Vegagerðina. Í dag er stöðug umferð mjólkurbíla yfir brúna við Gilsárteig og mun Orkusalan taka saman hve áætlað er að margar bílferðir þyngri en það þurfi að fara yfir brúna. Ráðgjafi hefur reynt af sambærilegum framkvæmdum við Hólsvirkjun í Fnjóskadal og Þverárvirkjun í Vopnafirði. Aðkoma að báðum virkjunum er um sveitavegi með óbundnu slitlagi og einbreiðum brúm. Gekk það vel, enda eru flutningar á svæðið aðallega einskiptisflutningar, t.d. pípuefni og vélbúnaður í stöðvarhús. Það sem helst krefst margra ferða er umferð steypubíla sem koma með steypu frá Egilsstöðum. Þeir bílar eru þó engu þyngri en steypubílar vegna almennra framkvæmda á svæðinu þar sem þörf er á steypu.

UMSÖGN HAFRANNSÓKNARSTOFNUN	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Í matsáætlun kemur víða fram að vatnalífrikið sé fábrotið, lítið, ófrjósamt og svo framvegis. Að mati Hafrannsóknastofnunar er engu að síður mikilvægt að hafa í huga að lífríkið er ekkert ómerkilegt, vistkerfin veita ákveðna vistkerfisþjónustu og sú framkvæmd sem hér er lýst mun hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni“	Hvergi kemur fram í umhverfismatsskýrslu að lífríkið sé metið ómerkilegt, enda er það niðurstaðan að áhrif á vatnalíf séu allt frá því að vera óveruleg neðan ármóta við Núpsá yfir í að vera töluvert neikvæð milli stíflu og stöðvarhúss. Það er hins vegar staðreynd að það er fábrotið, einsleitt og í litlu magni. Óhjákvæmilegt er að vatnaflsvirkjanir hafi áhrif á vatnalíf, það er í eðli þeirra að leiða vatn úr farvegi og um pípu til hverfils. Í samanburði við önnur vatnsföll á Íslandi, er það mat Orkusölunnar að verndargildi vatnalífsins á þeim hluta árinna sem verður helst fyrir áhrifum sé óverulegt og áhrifin ásættanleg þegar horft sé til heildaráhrifa framkvæmdanna og ávinningsins sem þær skila samfélaginu.
„Því er slegið fram að lax í Gilsá séu leifar af miklum seiðasleppingum áður fyrr, eins og það á einhvern hátt rýri gildi hans. Það kann að vera rétt að seiðasleppingar eigi hér hlut í máli en um það er óvissa og ljóst að hlýnandi veðurfar er að valda breytingum á útbreiðslu laxfiska á Íslandi og hefur útbreiðslusvæði sumra tegunda farið stækkandi.“	Veiðitölur, seiðarannsóknir og mælingar á leiðni (frjósemi) og hitastigi árinna benda allar til þess að hún sé afar óhagstæð atlantshafslaxi. Það að þarna sé lax er mannanna verk og hefur það vissulega áhrif á verndargildi og niðurstöðu umhverfismatsins, einkum þegar borin eru saman áhrif á aðrar lífverur sem eiga náttúruleg heimkynni sín í ánni.
„Mögulegum mótvægisáðgerðum er flestum ýtt til hliðar vegna hagkvæmnissjónarmiða. Þannig myndi vistrennsli (e. Eco flow) taka of stóran hluta vatnsins til þess að virkjun væri hagkvæm. Rétt er að benda á að við hönnun virkjunar þarf að taka á þessum þáttum og mikilvægt að draga úr áhrifum vatnsborðsveifla eins og kostur er.“	Hönnunin tekur á þessum þáttum, það er mikil vinna að finna út rétt samband milli fallhæðar, virkjaðs rennslis, miðlunar, lengdar og þvermáls pípu, gerðar og stærðar hverfils, spennis og annarra þátta þannig að þeir passi allir saman og virkjunin skili tilætluðum árangri. Orkusalan er í eigu RARIK sem er í eigu Íslenska ríkisins, þjóðarinnar, og mun ekki fara í framkvæmdir nema það sé alveg á hreinu að þær séu hagkvæmar. Ekki er hægt að taka neina áhættu á því að íslenskir skattgreiðendur sitji uppi með óhagkvæma virkjun.
„Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í vatni áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir og eftir því sem við á eftir framkvæmdir, sem taki til allra vatnshluta á áhrifasvæðinu.“	Slík rannsókn var gerð af Náttúrustofu Austurlands sumarið 2024.
„Hafrannsóknastofnun bendir á að landeigendur og félög þeirra sem eiga nýtingarrétt til lax- og silungsveiði á áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði upplýstir um gang mála.“	Landeigendur hafa þegar samið við Orkusöluna um vatnsréttindi og afnot af landi. Veiðifélag Selfjóts skilaði umsögn um umhverfismatsskýrsluna.

UMSÖGN VEIÐIFÉLAG SELFLJÓTS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Birt er niðurbrot á veiði á árabílinu 2021 til 2024 og yfirlit um heildar veiði einungis 13 ár aftur í tímann.“	Orkusalan telur það nægilega langt aftur í tímann til að gefa fullnægjandi upplýsingar um grunnástand. Að fara lengra aftur gefur ekki rétta mynd enda segir veiðifélagið sjálft eftirfarandi í umsögn sinni: - Það er ljóst að fiskstofnar árinna hafa verið í hnignun undanfarin ár, það þekkjum við sem búum við ána og höfum stundað veiðar þar áratugum saman. Þetta er ekki bundið við Selfljót og Gilsá eingöngu heldur á við flestar ár á landinu. Því taldi Orkusalan ekki viðeigandi að fara of langt aftur og fjalla um aðstæður og veiðitölur sem eru ekki lengur til staðar og eiga ekki við. Ef árunum sem veiðifélagið birtir í umsögn sinni er bætt við, breytist meðalveiði á bleikju í ánni úr 138 í 177, og meðalveiði á urriða úr 96 í 135. Það er breyting um nokkra tugi fiska á 47 km veiðisvæði og hefur lítil áhrif á endanlega niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar.
„Með þessari fullyrðingu er látið að því liggja að laxastofn árinna sé í raun framandi dýrategund í ánni og því ekki mikils virði að vernda hann. Þetta er ekki rétt þar lax var í ánni áður en seiðasleppingar hófust. Stofnstærðin hefur verið mjög sveiflukennd eins og sést í veiðitölum síðastliðinna 20 ára“	Það má vera að laxar hafi veiðst í ánni enda vel þekkt að hlutfall laxastofnsins flakkar úr heimaá sinni til að nema ný heimkynni, hefur það einmitt verið rannsakað í næsta nágrenni við Selfljót, en þar er fjöldi laxveiðiáa: - https://www.mbl.is/frettir/veidi/2025/04/10/taep_10_prosent_laxa_skiptu_um_a_sidsumars/ Þrátt fyrir þetta og seiðasleppingar í meira en hálfa öld er einungis hálfgerðan örstofn að finna í ánni, enda hentar hún laxi alls ekki.
„Ekki er tekið tillit til veiðiálags (fjölda stangardaga á bakvið hvern veiddan fisk) né þeirri spurningu varpað upp hvað gæti skýrt minnkandi veiði.“	Það er ekki hlutverk Orkusölunnar að leggjast í rannsóknarvinnu um orsök minnkandi veiði, Orkusalan getur eingöngu unnið með þau gögn og staðreyndir sem fyrir liggja.
„Allt botndýralíf svo og seiðabúskap þar sem viðbúið er að þá þegar viðkvæmir stofnar gætu orðið fyrir frekari áföllum þegar þornar í kílum og lænum í ánni með mögulegum seiðadauða umfram það sem náttúrulegt er í ánni.“	Alls ekki allt botndýralíf eða seiðabúskapur, alltaf verður vatn í farveginum en jaðrar hans munu þorna oftar og meira en náttúrulegt er. Seiði geta að einhverju leyti hreyft sig með vatnsborðinu en botndýralíf mun vissulega verða fyrir áhrifum, enda er það niðurstaðan að áhrif á vatnalíf séu allt frá því að vera óveruleg neðan ármóta við Núpsá yfir í að vera töluvert neikvæð milli stíflu og stöðvarhúss.
„Telur stjórn veiðifélagsins að nauðsynlegt sé að setja fram skýrar kröfur til framkvæmdaáðila um vöktun lífríkisins ef að framkvæmdinni verður. Einnig að settir séu fram tölulegir mælikvarðar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar.... Umræddir mælikvarðar og mat á áhrifum sé sett fram og framkvæmt af sérfræðingum Fiskistofu og sé ekki undir umsjón framkvæmdaraðila“	Orkusalan telur líklegt að leyfisveitendur muni setja skilyrði um vöktun í leyfi sín fyrir framkvæmdinni. Til eru fjöldi seiðarannsókna í Gilsá, þar á meðal 9 mælingar á tveim mælistöðvum síðan 2005. Áframhaldandi mælingar á þeim tveim stöðvum væri góður tölulegur mælikvarði um áhrif virkjunarinnar á fiskistofna árinna.
„Slíkt má þó ekki vera til að ganga á aðrar náttúruauðlindir né ganga gegn markmiðum laga um Náttúruvernd og/eða vernd villtra dýra.“	Allar framkvæmdir ganga á náttúruauðlindir, hvort sem það er verið að taka land undir landbúnað, byggingar eða samgöngumannvirki, veiða fisk í sjónum, nýting á heitu vatni eða framleiðsla og notkun á raforku. Ómögulegt er að halda samfélaginu gangandi án áhrifa á náttúruauðlindir, Orkusalan reynir þó að lágmarka þessi áhrif eins og raunhæft er.


UMSÖGN VEIÐIFÉLAG SELFLJÓTS	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Í skýrslunni er ekkert vikið að þeim neikvæðu áhrifum sem umrædd dægurmiðlun hefði á veiðar við ánnna. Talað er um að mögulegt sé að stöðva framleiðslu raforku í allt að 12 klukkustundir frá klukkan 2000-0800. Miðað við þær rennisskerðingar sem því fylgja og eru nefndar hér að framan er ljóst að áhrifa þeirra myndi gæta alla fyrri vaktina (frá 0700- 1300) á veiðisvæðum 6 og 7. Þessi veiðisvæði eru einmitt dýrustu veiðisvæði árinna og er ljóst að minnkun á vatni í ánni myndi hafa neikvæð áhrif á ásókn veiðimanna í ánnna. Vitað er að lítið rennsli í ánni hefur áhrif á göngur fiska upp ánnna sem kemur beint fram í áhuga veiðimanna til veiða á umræddum svæðum.“	Líkt og kemur fram í töflu 4.7 mun rennsli skerðast að nóttu til, en að sama skapi mun það aukast að degi til. Í þurrkasumrum gæti það auðveldað fiskum að ganga upp ána. Þessi breyting er þó einungis um 1 m³/s. Einnig má við þetta bæta að pípan er full af vatni þegar framleiðsla er stopp. Það þýðir að þegar opnað er fyrir rennsli og framleiðsla hefst árla dags, þá byrjar strax að renna úr stöðvarhúsi virkjunar og út í farveg.
„Stjórn veiðifélagsins leggst gegn allri efnistöku úr ánni til framkvæmdarinnar og skiptir þar ekki þó um sé að ræða efnistöku ofan fiskgengra svæða í ánni. Stjórnin hefur undanfarna áratugi lagst gegn öllum slíkum framkvæmdum og sér ekki ástæðu til að breyta þeirri afstöðu sinni.“	Efnistaka í lónstæði rúmum 6 km ofan fiskgengra svæða í um 360 m.y.s. hefur vart merkjanleg áhrif á vatnalíf árinna. Orkusalan óskar eftir að afstaða Veiðifélagsins sé byggð á rökum en ekki fyrirfram ákveðinni afstöðu sem vart á við svo langt fyrir ofan veiðisvæði og fiskgengt svæði.
„Stjórn veiðifélagsins tekur ekki að öllu leiti undir þær fullyrðingar skýrsluhöfunda að umrædd virkjun komi til með að bæta orkuöryggi á nærsvæði hennar. Fyrir því eru engar tryggingar og hálf holur hljómur í slíku tali. Lang stærstur hluti allrar raforku sem aflað er hérlandis, er aflað í hinum dreifðu byggðum landsins. Nærsvæði orkuöflunarstaðanna sitja hins vegar uppi með ótryggt dreifikerfi, háan flutningskostnað og síhækkandi orkukostnað á sama tíma og gengið er á náttúru- og umhverfisgæði þeirra sem búa á áhrifasvæðum framkvæmdanna.“	Það er óumdeilt að Gilsárvirkjun mun bæta afhendingaröryggi raforku á Austurlandi, þó að hún ein og sér leysi ekki allan vanda landshlutans, til þess þarf meira til. Virkjunin tengist ekki flutningskerfi Landsnets beint, heldur dreifikerfi RARIK, sem einmitt sér um dreifingu raforku um dreifðar byggðir landshlutans. Raforkukerfi landsins er flókið kerfi sem byggist á mörgum mismunandi þáttum, s.s. framleiðslukerfum (virkjunum), flutningskerfum og dreifingu. Gilsárvirkjun getur skaffað afl í nánasta dreifbýli og þéttbýli og telst því góð viðbót við núverandi virkjanir á svæðinu til að tryggja meira öryggi í t.d. rafmagnstrufulunum á landskerfinu. Orka sem framleidd er á austurlandi er í langflestum tilfellum notuð öll á svæðinu og undanfarin ár hefur verið skortur á raforku á svæðinu sem hefur leitt til aukinnar notkunar jarðeldsneytis.

„Jarðfræðiúttektir þessar fylgja ekki matsskýrslu og ekki er vísað til „fyrirliggjandi heimilda“ í heimildaskrá nema ef vera kynni vísun til úreltrar kennslubókar eftir Þorleif Einarsson frá 1968. Jarðfræðikort af Austurlandi hefur varla verið skoðað vel því fullyrt er (í grein 4.3.4) að berggrunnur svæðisins sé eldri en 3,3 milljón ára sem má telja furðulega framsetningu því skv. tilvísuðu jarðfræðikorti er berggrunnurinn á Gilsárdal líklega um 12 milljón ára gamall. Undirritaður telur að rannsóknir jarðfræðinga Eflu hafi verið harla yfirborðskenndar og gefi ófullkomna mynd af jarðfræði Gilsárdals. Ekki verður séð að fram hafi farið kortlagning berggrunns né yfirborðsefnis.“

Jarðfræðiúttektirnar eru aðallega kornakúrfur og umfjöllun um gæði efnis með tilliti til nýtingar í mannvirki og hafa lítið að segja um almenna jarðfræði svæðisins. Umfjöllunarefni þeirra á því ekki beint við í umhverfismatsskýrslu og því var ekki talin sérstök þörf á því að birta þær. Yfirborðsefni var því vissulega kannað og berggrunnur er vel þekktur, fyrir utan að berggrunnur verður fyrir nær engum áhrifum, vegur, pípa og mannvirki er svo til alfarið í lausu yfirborðsefni (fyrir utan stífla og stöðvarhús eru grunduð ofan á berggrunninum). Berggrunnur svæðisins er þekktur og er vísað til þeirra gagna, ekki var því talið þörf á rannsóknum á honum.



Jarðkönnunarhola í malarmyndun á yfirborði í Gilsárdal. Innri-Lambadalsá í bakgrunni.

UMSÖGN HELGA ÓMARS BRAGASONAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
	Kennslubókin frá 1968 var nýtt að til að fjalla um samband botnskriðs og rennslis, ekki jarðfræði. Það er náttúrulögmál sem hefur ekki breyst frá þeim tíma. Jarðfræðikort Náttúrufræðistofnunar sem vitnað er í talar um að berggrunnur sé eldri en 3,3 milljón ára. Náttúrufræðistofnun Jarðfræði Íslands  Berggrunnur - Bedrock Geology: Blágrýti - basískt og ísúrt gosberg og setlög Aldur: miósen og eldra plíósen, eldra en 3,3 milljón ára. Jarðlög frá miósen og plíósen tímabili jarðsögunnar einkennast af blásvörtum basalthraunlögum (blágrýti) oft með rauðum millilögum. Þá var mun hlýrra loftslag á Íslandi. Í gosbeltunum risu stakar megineldstöðvar upp yfir hraunbreiður en jaðrar landsins mótuðust af vatnsrofi. Vegna fergingar í gosbeltunum hallar hraunlögnum nú yfirleitt í átt að þeim gosbeltum sem voru virk á hverjum tíma. Rauðu millilögin eru Zoom to
„Í grein 4.3.8 segir að jarðfræði svæðisins sé „algeng“. Að mati undirritaðs er sú fullyrðing fullkomlega merkingarlaus.“	Berggrunnurinn nær yfir nær allt Austurland, og malarmyndanir líkt og eru í dalnum er að finna víða.
„Um er að ræða merkar jarðfræðilegar minjar sem varðveita upplýsingar um hörfun jökla við lok síðasta jökulskeiðs. Eyðilegging þessara minja verður að teljast óafturkræf“	Jarðfræði svæðisins verður ekki eyðilögð, þetta er órókstutt mat umsagnaraðila. Efnistaka er agnarsmátt hlutfall af malarmyndun svæðisins sem nær eftir endilöngum dalnum og langt í norður út fyrir dalinn. Efnistakan er auk þess bara kropp í yfirborðið á nokkrum stöðum meðfram veginum, flatarmál malarmyndunarinnar verður áfram hið sama sem og yfirbragð hennar þegar frágangi verður lokið.
„Á efnistökusvæðum verður um að ræða óafturkræfa eyðileggingu á gagnmerkum jarðfræðilegum minjum frá	Ekki verður um neina eyðileggingu á minjum að ræða.

UMSÖGN HELGA ÓMARS BRAGASONAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
lokum síðasta kuldaskiðs. Að mati undirritaðs er þörf á mótvægisáðgerðum sem felast í vönduðum rannsóknum á völdum sniðum (opnum) í malarnámum samhliða efnistöku á framkvæmdatíma.“	
„Undir þessum lið er ekkert fjallað um hamfaraflóð (þ.e. flóð með 20, 50 eða 100 ára endurkomutíðni) og þar af leiðandi ekkert getið um áhrif slíkra flóða á stíflumannvirki.“	Líkt og kemur fram í kafla 4.4.5.2 er virkjunin það lítil að hún nær ekki að hafa áhrif á árleg vorflóð sem fara óhindrað niður farveginn, hvað þá hamfaraflóð. Hluti af virkunarleyfisferli er flóðagreining og hættumat sem verður yfirfarið af Umhverfis- og orkustofnun.
„Í matsskýrslunni er ekki fjallað um mögulega náttúruvá á svæðinu og hugsanleg áhrif hennar á mannvirki. Náttúruvá getur t.d. verið í formi jarðskjálfta, öskufalls, ofanflóða (snjóflóða og skriðufalla) og hamfaraflóða. Eðlilegt er að fjalla um þessa hluti þótt í flestum tilfellum megi ætla að fyrirhuguðum mannvirkjum virkunar stafi óveruleg hættu af framantöldum birtingarmyndum náttúruvár (nema helst hamfaraflóðum).“	Þessir þættir hafa óveruleg áhrif á virkjunina eða umhverfisáhrif hennar, því er ekki að finna slíka umfjöllun. Veðurstofa Íslands sem fer með þennan málaflokk gerði engar athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu.

UMSÖGN NÁTTÚRUVERNÐARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
„Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar frá 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar í Eyjafirði. Um er að ræða vatnsaflsvirkjun með áætlaða uppsett aflgetu allt að 4,5 MW og árlega raforkuvinnslu allt að 25 GWh. Fyrirhuguð virkjun felur m.a. í sér stíflu í Gilsá ofan við Gilsárfoss, lagningu dýpisstýrðrar inntaksleiðslu, stökk og aðrennslisskurð, stöðvarhús við Gilsá neðan Skógar, lagningu nýs aðkomuvegar, flutningslínu og frágang raskaðs lands. Framkvæmdasvæðið er á mörkum jarðanna Miðskógar og Ytri-Skógar í Eyjafjarðarsveit. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að virkjunin muni nýta fall Gilsár á um 160 metra kafla og að meginmarkmið framkvæmdarinnar sé að auka framleiðslu endurnýjanlegrar raforku innan viðkomandi dreifikerfis.“	Gilsárvirkjun er í Eiðabíngi í Múlaþingi, ekki Eyjafirði. Uppsett afl er allt að 6,7 MW, ekki 4,5 MW. Árleg raforkuvinnsla er allt að 45 GWst, ekki 25 GWst. Engin foss með nafnið Gilsárfoss er á áhrifasvæði virkjunarinnar. Ekki verður nein dýpisstýrð inntaksleiðsla. Ekki verður neinn stökkur eða aðrennslisskurður. Ekki verður nein flutningslína. Örnefnið Skógar, Miðskógar og Ytri-Skógar eru ekki á svæðinu. Virkjunin nýtir fall Gilsár á rúmlega 6 km kafla, ekki 160 m.
„Í greinargerð er jafnframt gerð grein fyrir því að virkjunin muni ekki hafa áhrif á lax- eða silungsstofna í Gilsá“	Hér er ekki rétt vitnað í umhverfismatsskýrslu Gilsárvirkjunar. Hvergi í skýrslunni er því haldið fram að virkjunin muni ekki hafa áhrif á lax- eða silungsstofna. Þvert á móti eru áhrifin metin mismunandi neikvæð, er það breytilegt eftir svæðum í ánni og tegundum.
„Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur.“	Á tveim stöðum fer pípa um jaðar votlendis þar sem það afvatnar sig niður í Gilsárgljúfur (mynd 4.17). Pípan verður niðurgráfin í vatnsmettuðum jarðvegi og gengið frá yfirborði á þann hátt að gróður geti endurheimt það svæði. Ekki verður skert votlendi sem nýtur sérstakrar verndar né því raskað varanlega líkt og kemur fram í umhverfisskýrslunni. Pípulagning í votlendi er vel þekkt framkvæmd, sbr. myndir 4.19 og 4.20 í skýrslu.
„Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdir muni skerða rennsli um þessa fossa, einkum að vetrarlagi. Áhrifin eru sögð afturkræf að mati framkvæmdaraðila og sjónræn áhrif óveruleg. Engin tillaga er þó sett fram um mótvægisáðgerðir og hvorki er sýnt fram á að áhrifin séu óhjákvæmileg né rökstutt að þau uppfylli skilyrði 61. gr. laganna.“	Orkusalan telur hér ekki rétt vitnað í umhverfismatsskýrslu Gilsárvirkjunar. Valkostur B var sérstaklega settur fram sem mótvægisáðgerð til að viðhalda auknu rennsli í farvegi Gilsár, þ.m.t. Olnbogafossi og öllum fossum þar fyrir neðan. Áhrifin eru óhjákvæmileg, það er í eðli vatnsaflsvirkjana að leiða vatn úr farvegi og í gegnum pípu að hverfli. Þar á milli er þrýstingarmunur (hæðarmismunur) sem knýr hverfilinn og því oft fossar eða flúðir, sem eru skýrasta birtingarmynd hæðarmismunar í farvegi, á áhrifasvæði virkjana.
„Náttúruverndarstofnun bendir á að skerðing á rennsli fossa telst sem rask á vernduðum náttúruumgjöllum samkvæmt 61. gr., óháð því hvort sjónræn áhrif séu lítil. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar ber leyfisveitendum að meta hvort framkvæmdin sé nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna, hvort vægari útfærslur séu mögulegar og hvort gripið verði til mótvægisáðgerða. Slík afstaða verður að byggjast á skýrum rökum“	Það er óumdeilt að það sé almannahagsmunir að orkuöflun í landshlutanum sé aukin til að minnka brennslu á óendurnýjanlegum orkugjöfum, auka aðgengi að endurnýjanlegri orku og viðhalda lífsgæðum íbúa svæðisins. Fjallað er um þetta í köflum 2.3.8 og 4.7. Í leyfisveitingarferli Gilsárvirkjunar verður skýr rökstuðningur fyrir nauðsyn framkvæmdarinnar líkt og Náttúruverndarstofnun bendir á.
„Ekki er tekin sjálfstæð afstaða til verndargildis fossanna eða mikilvægi þeirra sem náttúruminja.“	Þegar horft er til fjölda fossa í landshlutanum, en í hverjum einasta dal og firði eru a.m.k. tugir fossa, þá er sjálfstætt verndargildi þessa tilteknu fossa ekki mikið að mati Orkusölnunnar. Aðgengi að þeim er erfitt, sjást ekki frá vegum, ekki er almenn vitneskja um þá og þeir eru engu stærri eða meira en aðrir fossar í landshlutanum. Einungis einn þeirra hefur nafn.
„Almannahagsmunir eru nefndir í almennum orðum án þess að rökstyðja að framkvæmdin sé nauðsynleg á þessum stað“	Vatnsaflsvirkjanir ganga út á að nýta sér fall og hæðarmismun í farvegi. Ef virkjunin væri ekki í Gilsá þá væru að öllum líkindum einhverjir aðrir fossar í öðrum straumvötnum sem yrðu fyrir áhrifum. Erfitt er að finna hagkvæman vatnsaflskost á Íslandi sem hefur engin áhrif á fossa, sérstaklega á fjallendu svæði eins og Austurlandi. Gilsá var valin vegna þess að virkjunin er á ófiskgegnu svæði, mikið til hátt yfir sjávarmáli, áin köld og vatnalífriki fábrotið og einsleitt. Við val á virkjunarkostum var metið nauðsynlegra að horfa til þess að halda áhrifum á vatnalíf í lágmarki, frekar en að áhrif á fossa væru ríkjandi þáttur, einkum þegar horft er til gnótt fossa í landshlutanum.

UMSÖGN NÁTTÚRUVERNDARSTOFNUNAR	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA
Vægari útfærslur eru ekki greindar með kerfisbundnum hætti og engar mótvægisáðgerðir eru settar fram vegna fossanna.	Orkusalan telur hér ekki rétt vitnað í umhverfismatsskýrslu Gilsárvirkjunar. Valkostur B var sérstaklega settur fram sem mótvægisáðgerð til að viðhalda auknu rennsli í farvegi Gilsár, þ.m.t. Olnbogafossi og öllum fossum þar fyrir neðan.
„Ekki er vikið að áhrifum á ásýnd eða sýnileika fossanna að sumri til“	Umfjöllun neðst á bls. 88 fjallar um rennsli fossa að sumarlagi og myndir 4.24 – 4.27 sem á eftir fylgja sýna hvernig rennsli fossa breytist. Þær myndir sem sýna lítið rennsli verður algengari ásýnd með tilkomu Gilsárvirkjunar.
„Þrátt fyrir þetta vantar sundurliðaðar upplýsingar um hve stór hluti rasksins lendir á vistgerðum með hátt verndargildi“	Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi þekja um 34,5% rannsóknarsvæðisins, að mestu leyti lyngmóavist á láglendi (24%). Varanlegt rask er áætlað um 8,2 ha og því má ætla að tæplega 3 ha séu í vistgerðum með hátt verndargildi.
„Einnig er óljóst hvort einhverjar vistgerðir uppfylli alþjóðlegar verndarkröfur, t.d. Bernarsamninginn, og hvort skoðaðir hafi verið valkostir sem draga úr raski.“	Af þeim vistgerðum sem þekja meira en 0,5 ha þá eru eftirfarandi vistgerðir á lista Bernarsamningsins: Fjalldrapamóavist, Lyngmóavist á láglendi og starungsmýrarvist. Valkostur B raskar 0,4 ha minna af gróðri. Valið lónstæði er auk þess 1 ha minna heldur en valkostur II sem fjallað var um í kafla 2.3.3. Rask á gróðri og vistgerðum er mjög lítið fyrir framkvæmd af þessari stærðargráðu, meðal annars vegna þess að strax í frumhönnun var kapp lagt á að draga úr raski. Það gekk eftir.
„Óljóst er hvort lagðar séu fram sértækar mótvægisáðgerðir vegna fuglalífs“	Áhrif á fuglalíf eru það væg að framkvæmdaraðili telur ekki þörf á sértækum mótvægisáðgerðum þess vegna. Einhverjar af tillögum Náttúruverndarstofnunar verða þó framkvæmdar, t.d. frágangur raskaðra svæða svo að gróður geti vaxið þar á ný og fuglar endurheimt búsvæði sín.
„Óljóst er hvort að upplýsingar liggja fyrir um hönnun háspennulínu frá stöðvarhúsi, sem geta haft veruleg áhrif á ásýnd“	33 kV jarðstrengur verður plægður meðfram vegum og yfir tún að stöðvarhúsi. Slíkir strengir eru vítt um sveitina án áskýndaráhrifa sbr. mynd 2.30 í umhverfismatsskýrslu. Engin háspennulína verður lögð.
„Náttúruverndarstofnunar leggur til að framkvæmdaraðili: • Útbúi áætlun um niðurrif mannvirkja og frágang sem lýsir hvaða mannvirki verða fjarlægð og hvernig þeim verður fargað. • Setja fram markmið um endurheimt og ásýnd. • Innleiða vöktunaráætlun sem nær til rekstrarloka.“	Líftími vatnsaflsvirkjana eru margir áratugir. Óraunhæft er að setja fram áætlun um eitthvað sem gerist líklega í fyrsta lagi eftir hálfa öld. Það er ómögulegt að vita hvaða aðstæður, tækni, aðferðir, viðhorf, lög og reglugerðir verða á þeim tíma.